

Efni : Sundþing 2025- fyrra fundarboð

Ágætu félagar

Sundþing verður haldið í Reykjavík þann 29.mars 2025.

Dagskrá og nánari staðsetning verður send út síðar en áætluð tímasetning þingsins er frá kl 11:00, laugardaginn 29.mars

Á sundþingi eiga fulltrúar sæti í samræmi við lög SSÍ:

- 1) Einn fulltrúi héraðssambands eða íþróttabandalags (1 frá hverju)
- 2) Fulltrúar félaga í samræmi við iðkendafjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur félags og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)
- 3) Fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur félags eða brot úr þeirri tölu)

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en **8.mars** þremur fyrir sundþing.

Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2024 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.


Málefni og tillögur sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á sundþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjóra SSÍ á ingibjorgha@iceswim.is í síðasta lagi 28.feb n.k.

Þetta er gert til að hægt sé að hefja umræðu og vinnu í kringum tillögurnar í tíma fyrir þingið.

Á þinginu verður kosið til formanns og fjögurra meðstjórnenda. Þess ber að geta að núverandi formaður gefur kost á sér til endurkjörs.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir þing, eða **28.feb n.k**

Fyrir hönd stjórnar SSÍ



Ingibjörg H Arnardóttir

Framkvæmdastjóri SSÍ